



Ályktun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um nýútkomna skýrslu um uppbyggingu flugvallarkerfisins og eflingu innanlandsflugs, samþykkt í janúar 2019.

Stjórn SSA fagnar nýútkominni skýrslu um "Uppbyggingu flugvallarkerfisins á Íslandi og eflingu innanlandsflugs". Mikilvægt er að varaflugvellir landsins verði hluti af efnahagsreikningi ISAVIA og að eigendastefna ISAVIA taki mið að byggðamálum og atvinnuuppbyggingu um allt land. Með þeim hætti er mikilvæg uppbygging vallanna betur tryggð. Þá telur stjórn SSA það þýðingarmikla byggðaaðgerð að jafna aðgengi landsmanna að þjónustu og lífskjörum með niðurgreiðslum á fargjöldum í innanlandsflugi. Stjórn SSA hvetur Alþingi til að veita tillögunum framgang svo þær komist til framkvæmda hið fyrsta.

Sent:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, þingmönnum Norðausturkjördæmis og samgöngunefnd Alþingis.